

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas Hafnarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	26.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Hlaðbær-Colas	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Gullhelli 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	4201871499	<b>Flokkur</b>	Malbik	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gísli Eymarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steingrímur Bragason	<b>Staðsetning</b>	352977,735	396393,374

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki ný frávik frá kröfum í starfsleyfi. Eitt frávik frá eftirliti ársins 2011 er ófrágengið en unnið er eftir samþykktri úrbótaáætlun. Engin athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Sest var niður með gæðastjóra og stöðvarstjóra fyrirtækisins. Kynnt var nýtt umbunarkerfi Umhverfisstofnunar fyrir fyrirtæki sem standa sig vel í umhverfismálum. Fram kom hjá fulltrúum rekstraraðila að fyrirtækið stæði í umhverfis- og februnarátaki þar sem hafin væri plöntun trjáa innan girðingar meðfram útjaðri lóðarinnar að Gullhelli 1. Almenn ánægja væri með framtakið.

Samkvæmt dagskrá skyldi fyrst farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits og samráðsfundar 2013. Fram kom að einungis bygging fínefnageymslu er ólokið, en úrbótaáætlun gerir ráð fyrir að hún verði reist fyrir lok árs 2017. Fundargerð samráðsfundar 2013 liggur fyrir. Fundinn sóttu fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis auk fulltrúa Umhverfisstofnunar og rekstraraðila. Meðal annars kom fram að rekstraraðili hyggst vera kominn með vottað umhverfisstjórnunarkerfi á árinu 2015.

Næst var sest yfir kröfur í starfsleyfi um mælingar. Ekki er gerðar athugasemdir við mælingar og niðurstöður þeirra eru vel undir kröfum í starfsleyfi. Kröfur um skráningar gera ráð fyrir skráningum á innra eftirliti rekstraraðila og skal skrá viðhald og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Mengunarvarnarbúnaður teljast bæði rykhreinsibúnaður í útblæstri sem og olíuskilja í frárennsli fyrirtækisins. Skráningar eru í miðlægum gagnagrunni (Excel skjöl). Engar kvartanir hafa borist vegna fyrirtækisins síðan síðasta eftirlit fór fram og engin mengunaróhöpp orðið. Ekki eru gerðar athugasemdir vegna skráninga.

Allar áætlanir sem krafist er í starfsleyfi hafa borist og verið samþykktar að svo miklu leyti sem þess er krafist. Í umræðum um þetta kom fram að áætlanir fyrirtækisins sem og útkallslistar starfsmanna þurfa stöðugt að vera í endurskoðun þar sem aðstæður breytast og einnig er hugsanleg einhver starfsmannavelta. Grænu bókhaldi hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, efnageymslur skoðaðar, svo og gasgeymsla og bik- og eldsneytisgeymar. Íblöndunarefni í malbik og bikþeytur eru geymdar í lokuðu húsi og hafa verið keyptar sérstakar lekabyttur til þess að koma í veg fyrir efnaleka frá lager. Slíkt er til fyrirmyndar.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

## ANNAÐ

Eitt frávik frá eftirliti ársins 2011 er ófrágengið en unnið er eftir samþykktri úrbótaáætlun.

Reykjavík, 08.08.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.